STJÓRNARTÍÐINDI C 2 – 1995

10. maí 1995 57 Nr. 6

AUGLÝSING

um Parísarsamning um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Hinn 23. desember 1994 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðahugverkastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna 1. til 12. gr. Parísarsamnings frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar sem endurskoðaður var í Brussel 14. desember 1900, í Washington 2. júní 1911, í Haag 6. nóvember 1925, í Lundúnum 2. júní 1934, í Lissabon 31. október 1958 og í Stokkhólmi 14. júlí 1967 ásamt breytingum frá 2. október 1979. Greinarnar öðluðust gildi að því er Ísland varðar 9. apríl 1995. 13. til 30. gr. samningsins voru fullgiltar af Íslands hálfu 28. september 1984, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1984.

1.-12. gr. samningsins með téðum breytingum eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

PARÍSARSAMNINGUR um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar

frá 20. mars 1883, endurskoðaður í Brussel 14. desember 1900, í Washington 2. júní 1911, í Haag 6. nóvember 1925, í Lundúnum 2. júní 1934, í Lissabon 31. október 1958 og í Stokkhólmi 14. júlí 1967 og með leiðréttingum frá 2. október 1979.

1. gr.

(1) Ríki þau sem samningur þessi tekur til mynda samband til verndar eignarréttindum á sviði iðnaðar.

(2) Vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar tekur til einkaleyfa, smáeinkaleyfa, iðnhönnunar, vörumerkja, firmanafna og til upplýsinga um uppruna eða landfræðilegra tilvísana og banns við óréttmætri samkeppni.

(3) Hugtakið „vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar“ skal túlka í víðtækustu merkingu og á

PARIS CONVENTION for the Protection of Industrial Property

of March 20, 1883, as revised in Brussels on December 14, 1900, at Washington on June 2, 1911, at the Hague on November 6, 1925, at London on June 2, 1934, at Lisbon on October 31, 1958, and at Stockholm on July 14, 1967 and as amended October 2, 1979

Article 1

(1) The countries to which this Convention applies constitute a Union for the protection of industrial property.

(2) The protection of industrial property has as its object patents, utility models, industrial designs, trademarks, service marks, trade names, indications of source or appellations of origin, and the repression of unfair competition.

(3) Industrial property shall be understood in the broadest sense and shall apply not only to

ekki aðeins við um iðnað og verslun í eiginlegri merkingu, heldur einnig landbúnað og úrvinnsluiðnað og allar framleiddar vörur eða náttúrlegar afurðir, svo sem: vín, korn, tóbaksblöð, ávexti, húsdýr, jarðefni, ölkelduvatn, öl, blóm og mjöl.

(4) Til „einkaleyfa" teljast hinar ýmsu tegundir einkaleyfa sem viðurkennd eru í lögum ríkja þeirra sem aðild eiga að sambandinu, svo sem einkaleyfi fyrir innflutningi, einkaleyfi til endurbóta, viðbótareinkaleyfi og skírteini, o. s. frv.

2. gr.

(1) Ríkisborgarar hvers sambandsríkis skulu að því er varðar vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar njóta í öllum öðrum ríkjum sambandsins þess hagræðis sem viðkomandi lög veita eigin ríkisborgurum nú eða kunna að veita í framtíðinni, án þess að skert séu þau réttindi sem samningur þessi gerir sérstaklega ráð fyrir. Þar af leiðandi skulu þeir njóta sömu verndar og hinir síðarnefndu og hafa sömu lagalegu úrræði vegna skerðingar á réttindum þeirra, að því tilskildu að þeim skilyrðum og formsatriðum sem lögð eru á ríkisborgara sé fylgt.

(2) Ekki má setja ríkisborgurum sambandsríkjanna nein skilyrði varðandi búsetu eða atvinnurekstur í ríki þar sem verndar er óskað til þess að þeir njóti verndar eignarréttinda á sviði iðnaðar.

(3) Ákvæði í lögum sambandsríkjanna, er varða réttarfar og stjórnsýslu, lögsögu og fyrirmæli um aðsetur atvinnustarfsemi eða útnefningu umboðsmanns sem kann að vera krafist í lögum um eignarréttindi á sviði iðnaðar, standa óhögguð.

3. gr.

Ríkisborgarar ríkja sem ekki eru í sambandinu en eru búsettir eða eiga raunveruleg og starfandi iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki á landsvæði einhvers sambandsríkjanna skulu njóta sömu réttinda og ríkisborgarar ríkja innan sambandsins.

4. gr.

A. (1) Hver sá, sem hefur eftir settum reglum lagt inn umsókn um einkaleyfi, smáeinkaleyfi, skráningu iðnhönnunar og vörumerkis í einhverju ríkja sambandsins, eða löglegur umboðsmaður hans eða rétthafi skal njóta forgangsrétt-

industry and commerce proper, but likewise to agricultural and extractive industries and to all manufactured or natural products, for example, wines, grain, tobacco leaf, fruit, cattle, minerals, mineral waters, beer, flowers, and flour.

(4) Patents shall include the various kinds of industrial patents recognized by the laws of the countries of the Union, such as patents of importation, patents of improvement, patents and certificates of addition, etc.

Article 2

(1) Nationals of any country of the Union shall, as regards the protection of industrial property, enjoy in all the other countries of the Union the advantages that their respective laws now grant, or may hereafter grant, to nationals; all without prejudice to the rights specially provided for by this Convention. Consequently, they shall have the same protection as the latter, and the same legal remedy against any infringement of their rights, provided that the conditions and formalities imposed upon nationals are complied with.

(2) However, no requirement as to domicile or establishment in the country where protection is claimed may be imposed upon nationals of countries of the Union for the enjoyment of any industrial property rights.

(3) The provisions of the laws of each of the countries of the Union relating to judicial and administrative procedure and to jurisdiction, and to the designation of an address for service or the appointment of an agent, which may be required by the laws on industrial property are expressly reserved.

Article 3

Nationals of countries outside the Union who are domiciled or who have real and effective industrial or commercial establishments in the territory of one of the countries of the Union shall be treated in the same manner as nationals of the countries of the Union.

Article 4

A. (1) Any person who has duly filed an application for a patent, or for the registration of a utility model, or of an industrial design, or of a trademark, in one of the countries of the Union, or his successor in title, shall enjoy, for

ar til að leggja umsóknina inn í hinum ríkjunum með þeim fresti sem kveðið er á um hér á eftir.

(2) Hver sú umsókn, sem jafngildir venjulegri umsókn í heimalandi, samkvæmt lögum hvers ríkis innan sambandsins eða samkvæmt tvíhliða eða marghliða samningi milli aðildarríkja þess, skapar forgangsrétt.

(3) Venjuleg umsókn í heimaríki er sú umsókn sem telst fullnægjandi til að staðfesta dagsetningu umsóknar í viðkomandi ríki, hvaða afgreiðslu sem hún kann að hljóta.

B. Samkvæmt þessu verður umsókn sem borin er upp síðar í öðrum ríkjum sambandsins, innan framangreinds frests, ekki talin ógild vegna nokkurra athafna er eiga sér stað innan þess tíma, einkum með annarri umsókn, birtingu eða hagnýtingu á uppfinningu, með því að bjóða til sölu eftirlíkingu af iðnhönnun, með notkun vörumerkis, og geta athafnir þessar ekki gefið tilefni til réttar þriðja aðila né heldur til réttar til einkaeignar. Um rétt, sem þriðji aðili hefur öðlast fyrir dagsetningu fyrstu umsóknar sem forgangsréttur byggist á, fer eftir landslögum hvers sambandsríkis.

C. (1) Framangreindur frestur vegna forgangsréttar er tólf mánuðir fyrir einkaleyfi og smáeinkaleyfi og sex mánuðir fyrir iðnhönnun og vörumerki.
(2) Frestur þessi skal hefjast á þeim degi er fyrsta umsókn er lögð inn, að þeim degi frátöldum.
(3) Ef síðasti dagur frestsins er lögboðinn frídagur eða dagur sem skrifstofa er ekki opin til móttöku á umsóknum í því ríki þar sem verndar er krafist skal fresturinn framlengdur til næsta virks dags þar á eftir.
(4) Síðari umsókn, sem varðar sama efni og áður inn komin umsókn í skilningi 2. mgr. hér að framan og lögð er inn í sama sambandsríki, skal teljast fyrsta umsókn og innlagningardagur hennar marka upphaf forgangstímabils, að því tilskildu að þegar síðari umsóknin er lögð inn hafi umrædd fyrri umsókn verið dregin til baka, hætt hafi verið við hana eða henni synjað, án þess að hún hafi verið gerð almenningi aðgengileg og án þess að hún skapi nokkurn rétt enda hafi hún ekki verið lögð til grundvallar forgangsréttarkröfu. Eftir það má ekki leggja fyrri umsókn til grundvallar forgangsréttarkröfu.

the purpose of filing in the other countries, a right of priority during the periods hereinafter fixed.
(2) Any filing that is equivalent to a regular national filing under the domestic legislation of any country of the Union or under bilateral or multilateral treaties concluded between countries of the Union shall be recognized as giving rise to the right of priority.
(3) By a regular national filing is meant any filing that is adequate to establish the date on which the application was filed in the country concerned, whatever may be the subsequent fate of the application.
B. Consequently, any subsequent filing in any of the other countries of the Union before the expiration of the periods referred to above shall not be invalidated by reason of any acts accomplished in the interval, in particular, another filing, the publication or exploitation of the invention, the putting on sale of copies of the design, or the use of the mark, and such acts cannot give rise to any third-party right or any right of personal possession. Rights acquired by third parties before the date of the first application that serves as the basis for the right of priority are reserved in accordance with the domestic legislation of each country of the Union.
C. (1) The periods of priority referred to above shall be twelve months for patents and utility models, and six months for industrial designs and trademarks.
(2) These periods shall start from the date of filing of the first application; the day of filing shall not be included in the period.
(3) If the last day of the period is an official holiday, or a day when the Office is not open for the filing of applications in the country where protection is claimed, the period shall be extended until the first following working day.
(4) A subsequent application concerning the same subject as a previous first application within the meaning of paragraph (2), above, filed in the same country of the Union, shall be considered as the first application, of which the filing date shall be the starting point of the period of priority, if, at the time of filing the subsequent application, the said previous application has been withdrawn, abandoned, or refused, without having been laid open to public inspection and without leaving any rights outstanding, and if it has not yet served as a basis for claiming a right of priority. The previous application may not thereafter serve as a basis for claiming a right of priority.

D. (1) Hverjum þeim sem vill notfæra sér forgangsrétt vegna fyrri umsóknar er skylt að gefa yfirlýsingu um dagsetningu umsóknarinnar og ríki það þar sem hún var lögð inn. Hvert ríki um sig ákveður hvenær slík yfirlýsing skal gefin í síðasta lagi.

(2) Þessara atriða skal getið í útgáfum þar til bærra stjórnvalda, einkum og sérstaklega í einkaleyfum og lýsingum með þeim.

(3) Sambandsríkin geta krafist þess að sérhver sá sem gefur yfirlýsingu um forgangsrétt leggi þeim til afrit af umsókninni (lýsingu, teikningum o. s. frv.) sem lögð hefur verið inn. Afritið, staðfest rétt af þeim stjórnvöldum er veittu slíkri umsókn viðtöku, skal undanþegið löggildingu, og má í hverju tilfelli leggja það fram án greiðslu, hvenær sem er, innan þriggja mánaða frá því að síðari umsóknin var lögð inn. Heimilt er að krefjast þess að vottorð sömu stjórnvalda fylgi um innlagningardag umsóknar og að þýðing fylgi.

(4) Ekki skal krefjast þess að önnur formsatriði sem snerta yfirlýsingu um forgangsrétt séu uppfyllt þegar umsóknin er lögð inn. Hvert sambandsríki um sig ákveður hverjar skuli vera afleiðingar þess að formsatriðum samkvæmt þessari grein er ekki fylgt, þó þannig að afleiðingar þær geti ekki varðað meiru en missi forgangsréttar.

(5) Síðar má krefjast frekari sannana. Hver sá er notar sér forgangsrétt sem fylgir fyrri umsókn skal tilgreina númer umsóknarinnar; skal það birt með þeim hætti sem kveðið er á um í 2. mgr. hér að framan.

E. (1) Þegar sótt er um skráningu á iðnhönnun í einhverju ríki, með kröfu um forgangsrétt, sem byggð er á umsókn um smáeinkaleyfi skal forgangsréttartímabilið vera hið sama og gildir fyrir iðnhönnun.

(2) Enn fremur er heimilt í ríki að leggja inn umsókn um skráningu smáeinkaleyfis með kröfu um forgangsrétt er byggist á umsókn um einkaleyfi, og öfugt.

F. Ekkert sambandsríkjanna má synja forgangsréttarkröfu eða umsókn um einkaleyfi af þeirri ástæðu að bornar séu upp margar forgangsréttarkröfur, jafnvel þótt þær komi frá fleiri en einu ríki, eða af þeirri ástæðu að í umsókn þar sem sett er fram ein eða fleiri forgangsréttarkrafa sé að finna eitt eða fleiri atriði sem ekki koma fram í umsókn eða umsóknum sem

D. (1) Any person desiring to take advantage of the priority of a previous filing shall be required to make a declaration indicating the date of such filing and the country in which it was made. Each country shall determine the latest date on which such declaration must be made.

(2) These particulars shall be mentioned in the publications issued by the competent authority, and in particular in the patents and the specifications relating thereto.

(3) The countries of the Union may require any person making a declaration of priority to produce a copy of the application (description, drawings, etc.) previously filed. The copy, certified as correct by the authority which received such application, shall not require any authentication, and may in any case be filed, without fee, at any time within three months of the filing of the subsequent application. They may require it to be accompanied by a certificate from the same authority showing the date of filing, and by a translation.

(4) No other formalities may be required for the declaration of priority at the time of filing the application. Each country of the Union shall determine the consequences of failure to comply with the formalities prescribed by this Article, but such consequences shall in no case go beyond the loss of the right of priority.

(5) Subsequently, further proof may be required. Any person who avails himself of the priority of a previous application shall be required to specify the number of that application; this number shall be published as provided for by paragraph (2), above.

E. (1) Where an industrial design is filed in a country by virtue of a right of priority based on the filing of a utility model, the period of priority shall be the same as that fixed for industrial designs.

(2) Furthermore, it is permissible to file a utility model in a country by virtue of a right of priority based on the filing of a patent application, and vice versa.

F. No country of the Union may refuse a priority or a patent application on the ground that the applicant claims multiple priorities, even if they originate in different countries, or on the ground that an application claiming one or more priorities contains one or more elements that were not included in the application or applications whose priority is claimed, provided that,

krafa um forgangsrétt er byggð á, svo framarlega sem að í báðum tilvikum sé um eina uppfinningu að ræða í skilningi laga viðkomandi ríkis.

Þegar um er að ræða atriði sem ekki koma fram í umsókn eða umsóknum sem krafa um forgangsrétt er byggð á skulu síðari umsóknir sem lagðar eru inn skapa forgangsrétt undir venjulegum kringumstæðum.

G. (1) Ef rannsókn leiðir í ljós að einkaleyfisumsókn felur í sér fleiri en eina uppfinningu, getur umsækjandinn skipt umsókninni í fleiri umsóknir, þannig að dagsetning upphaflegu umsóknarinnar gildi um þær allar og forgangsréttur, sé um hann að ræða.

(2) Umsækjandinn getur auk þess að eigin frumkvæði skipt umsókn um einkaleyfi í fleiri umsóknir og látið dagsetningu upphaflegrar umsóknar gilda fyrir hinar umsóknirnar og jafnframt haldið forgangsrétti, sé hann til staðar. Hvert sambandsríki hefur rétt til að ákveða með hvaða skilyrðum slík skipting umsóknar skuli vera heimil.

H. Ekki má synja um forgangsrétt á þeim forsendum, að viss atriði uppfinningarinnar sem forgangsréttar er krafist fyrir komi ekki fram í kröfum sem settar voru fram í umsókninni í upprunaríkinu, svo framarlega sem í umsóknargögnunum í heild sé sérstaklega greint frá slíkum atriðum.

I. (1) Umsóknir um uppfinningaskírteini, sem eru lagðar inn í ríki þar sem umsækjendur eiga rétt á að sækja að eigin vali um annaðhvort einkaleyfi eða uppfinningaskírteini, veita forgangsrétt sem kveðið er á um í þessari grein, með sömu skilyrðum og sömu áhrifum og umsóknir um einkaleyfi.

(2) Í ríki, þar sem umsækjendur eiga rétt á að sækja að eigin vali um annaðhvort einkaleyfi eða uppfinningaskírteini, skal umsækjandi um uppfinningaskírteini, í samræmi við ákvæði þessarar greinar varðandi umsóknir um einkaleyfi, njóta forgangsréttar er byggist á umsókn um einkaleyfi, smáeinkaleyfi eða uppfinningaskírteini.

4. gr. a.

(1) Einkaleyfi, sem ríkisborgarar sambandsríkjanna sækja um í hinum ýmsu ríkjum sambandsins, skulu óháð einkaleyfum sem veitt eru fyrir sömu uppfinningu í öðrum ríkjum, hvort sem þau ríki eru aðilar að sambandinu eður ei.

in both cases, there is unity of invention within the meaning of the law of the country.

With respect to the elements not included in the application or applications whose priority is claimed, the filing of the subsequent application shall give rise to a right of priority tinder ordinary conditions.

G. (1) If the examination reveals that an application for a patent contains more than one invention, the applicant may divide the application into a certain number of divisional applications and preserve as the date of each the date of the initial application and the benefit of the right of priority, if any.

(2) The applicant may also, on his own initiative, divide a patent application and preserve as the date of each divisional application the date of the initial application and the benefit of the right of priority, if any. Each country of the Union shall have the right to determine the conditions under which such division shall be authorized.

H. Priority may not be refused on the ground that certain elements of the invention for which priority is claimed do not appear among the claims formulated in the application in the country of origin, provided that the application documents as a whole specifically disclose such elements.

I. (1) Applications for inventors' certificates filed in a country in which applicants have the right to apply at their own option either for a patent or for an inventor's certificate shall give rise to the right of priority provided for by this Article, under the same conditions and with the same effects as applications for patents.

(2) In a country in which applicants have the right to apply at their own option either for a patent or for an inventor's certificate, an applicant for an inventor's certificate shall, in accordance with the provisions of this Article relating to patent applications, enjoy a right of priority based on an application for a patent, a utility model, or an inventor's certificate.

Article 4bis

(1) Patents applied for in the various countries of the Union by nationals of countries of the Union shall be independent of patents obtained for the same invention in other countries, whether members of the Union or not.

(2) Framangreint ákvæði skal túlka rúmt, einkum í þeim skilningi að einkaleyfi sem sótt er um innan forgangsfrestsins séu óháð, bæði að því er varðar ástæður ógildingar eða leyfissviptingar og að því er varðar venjulegan gildistíma þeirra.
(3) Ákvæðið tekur til allra einkaleyfa sem í gildi eru við gildistöku þess.
(4) Þegar ný ríki gerast aðilar skal það á sama hátt gilda um einkaleyfi sem eru í gildi fyrir eða eftir aðild.
(5) Í hinum ýmsu aðildarríkjum sambandsins skulu einkaleyfi er njóta forgangsréttar hafa sama gildistíma og þau hefðu notið hefði verið um þau sótt eða þau veitt án forgangsréttarkröfu.

(2) The foregoing provision is to be understood in an unrestricted sense, in particular, in the sense that patents applied for during the period of priority are independent, both as regards the grounds for nullity and forfeiture, and as regards their normal duration.
(3) The provision shall apply to all patents existing at the time when it comes into effect.
(4) Similarly, it shall apply, in the case of the accession of new countries, to patents in existence on either side at the time of accession.
(5) Patents obtained with the benefit of priority shall, in the various countries of the Union, have a duration equal to that which they would have, had they been applied for or granted without the benefit of priority.

4. gr. b.

Uppfinningamaðurinn skal hafa rétt á að vera nefndur sem slíkur í einkaleyfinu.

Article 4ter

The inventor shall have the right to be mentioned as such in the patent.

4. gr. c.

Ekki skal synja um veitingu einkaleyfis né ógilda einkaleyfi af þeirri ástæðu að sala á vöru sem nýtur einkaleyfisverndar eða sem orðið hefur til með því að hagnýta aðferð sem einkaleyfi hefur fengist fyrir sé háð höftum eða takmörkunum á grundvelli landslaga.

Article 4quater

The grant of a patent shall not be refused and a patent shall not be invalidated on the ground that the sale of the patented product or of a product obtained by means of a patented process is subject to restrictions or limitations resulting from the domestic law.

5. gr.

A. (1) Þótt einkaleyfishafi flytji inn í ríki, þar sem einkaleyfið hefur verið veitt, vörur sem framleiddar eru í einhverju sambandsríkjanna hefur það ekki í för með sér leyfissviptingu.
(2) Sérhverju sambandsríkjanna skal vera heimilt að gera lagalegar ráðstafanir í því skyni að heimila veitingu neyðarleyfis til þess að koma í veg fyrir misnotkun sem leitt gæti af einkarétti samkvæmt leyfinu, svo sem ef leyfið er ekki nýtt.
(3) Þessar ráðstafanir skulu ekki leiða til einkaleyfissviptingar, nema veiting á neyðarleyfum hefði ekki verið nægileg til að koma í veg fyrir slíka misnotkun. Engar ráðstafanir til ógildingar eða afturköllunar einkaleyfis má framkvæma áður en liðin eru tvö ár frá því að fyrsta neyðarleyfið er veitt.
(4) Ekki er unnt að sækja um neyðarleyfi á grundvelli þess að einkaleyfishafi hagnýtir sér ekki einkaleyfið eða nýtir það ekki sem skyldi, fyrr en fjögur ár eru liðin frá því að umsókn um einkaleyfi var lögð inn eða að liðnum þremur árum frá útgáfu einkaleyfis og gildir það tímabil sem síðar rennur út; ekki skal veita neyðar-

Article 5

A. (1) Importation by the patentee into the country where the patent has been granted of articles manufactured in any of the countries of the Union shall not entail forfeiture of the patent.
(2) Each country of the Union shall have the right to take legislative measures providing for the grant of compulsory licenses to prevent the abuses which might result from the exercise of the exclusive rights conferred by the patent, for example, failure to work.
(3) Forfeiture of the patent shall not be provided for except in cases where the grant of compulsory licenses would not have been sufficient to prevent the said abuses. No proceedings for the forfeiture or revocation of a patent may be instituted before the expiration of two years from the grant of the first compulsory license.
(4) A compulsory license may not be applied for on the ground of failure to work or insufficient working before the expiration of a period of four years from the date of filing of the patent application or three years from the date of the grant of the patent, whichever period expires last; it shall be refused if the patentee justifies

leyfið ef einkaleyfishafi réttlætir aðgerðaleysi sitt með lögmætum ástæðum. Neyðarleyfið skal vera almennt leyfi og er óheimilt að framselja það, jafnvel í formi aukaleyfis, nema ásamt þeim hluta fyrirtækis eða viðskiptavildar þar sem slíkt leyfi er hagnýtt.

(5) Framangreind ákvæði skulu, að breyttu breytanda, taka til smáeinkaleyfa.

B. Vernd á iðnhönnun skal ekki undir neinum kringumstæðum afturkalla, hvorki vegna aðgerðaleysis né vegna innflutnings á samsvarandi vörum og þeim sem verndaðar eru.

C. (1) Ef skylt er að nota skráð vörumerki í einhverju ríki má aðeins fella skráninguna úr gildi að hæfilegum tíma liðnum og þá aðeins ef viðkomandi getur ekki réttlætt aðgerðaleysi sitt.

(2) Noti eigandi vörumerkis merkið í formi sem er frábrugðið skráningu þess í einhverju sambandsríkjanna en breytir ekki aðalsérkennum merkisins skal það ekki leiða til ógildingar skráningarinnar né rýra þá vernd sem merkinu er veitt.

(3) Þótt iðnfyrirtæki eða verslunarfyrirtæki sem teljast sameigendur vörumerkis, samkvæmt ákvæðum laga þess ríkis sem verndar er óskað í, noti á sama tíma sama vörumerki á svipaðri eða sams konar framleiðslu skal það ekki hindra skráningu né draga á neinn hátt úr þeirri vernd sem umræddu merki er veitt í hvaða sambandsríki sem er, svo framarlega sem sú notkun villir ekki um fyrir almenningi eða er andstæð almannahagsmunum.

D. Ekki má setja það sem skilyrði fyrir réttarvernd að vísbending eða athugasemd varðandi einkaleyfi, smáeinkaleyfi, skráningu vörumerkis eða vernd iðnhönnunar komi fram á vörunni.

his inaction by legitimate reasons. Such a compulsory license shall be non-exclusive and shall not be transferable, even in the form of the grant of a sub-license, except with that part of the enterprise or goodwill which exploits such license.

(5) The foregoing provisions shall be applicable, mutatis mutandis, to utility models.

B. The protection of industrial designs shall not, under any circumstance, be subject to any forfeiture, either by reason of failure to work or by reason of the importation of articles corresponding to those which are protected.

C. (1) If, in any country, use of the registered mark is compulsory, the registration may be cancelled only after a reasonable period, and then only if the person concerned does not justify his inaction.

(2) Use of a trademark by the proprietor in a form differing in elements which do not alter the distinctive character of the mark in the form in which it was registered in one of the countries of the Union shall not entail invalidation of the registration and shall not diminish the protection granted to the mark.

(3) Concurrent use of the same mark on identical or similar goods by industrial or commercial establishments considered as co-proprietors of the mark according to the provisions of the domestic law of the country where protection is claimed shall not prevent registration or diminish in any way the protection granted to the said mark in any country of the Union, provided that such use does not result in misleading the public and is not contrary to the public interest.

D. No indication or mention of the patent, of the utility model, of the registration of the trademark, or of the deposit of the industrial design, shall be required upon the goods as a condition of recognition of the right to protection.

5. gr. a.

(1) Veita skal frest sem er ekki skemmri en sex mánuðir til greiðslu á gjöldum sem mælt er fyrir um til viðhalds eignarréttinda á sviði iðnaðar, gegn greiðslu á aukagjaldi, ef landslög kveða á um það.

(2) Sambandsríkin skulu eiga rétt á að heimila endurnýjun einkaleyfa sem fallið hafa úr gildi vegna vangoldinna gjalda.

Article 5bis

(1) A period of grace of not less than six months shall be allowed for the payment of the fees prescribed for the maintenance of industrial property rights, subject, if the domestic legislation so provides, to the payment of a surcharge.

(2) The countries of the Union shall have the right to provide for the restoration of patents which have lapsed by reason of non-payment of fees.

5. gr. b.

Í engu sambandsríkjanna skal telja að með eftirfarandi sé réttur einkaleyfishafa skertur:

1. notkun um borð í skipum annarra sambandsríkja á tækjum sem einkaleyfi hans er fyrir, í skipsskrokki, vélbúnaði skips, veiðarfærum, tækjabúnaði eða öðrum búnaði, þegar slík skip fara um stundarsakir eða af tilviljun inn fyrir landhelgi sambandsríkisins, svo fremi sem tæki þessi séu eingöngu notuð í þágu skipsins.

2. notkun á tækjum, sem einkaleyfið er fyrir, við hönnun eða rekstur flugvéla eða farartækja á ríki frá öðrum sambandsríkjum eða notkun á aukabúnaði þessara samgöngutækja, er þau koma um stundarsakir eða af tilviljun inn í viðkomandi ríki.

5. gr. c.

Þegar vara er flutt inn í sambandsríki þar sem í gildi er einkaleyfi er verndar aðferð við framleiðslu á hlutaðeigandi vörum nýtur einkaleyfishafi allra réttinda varðandi innflutning á þeirri vöru sem landslög innflutningsríkisins veita honum á grundvelli aðferðar sem í einkaleyfinu felst, að teknu tilliti til framleiðsluvara í því ríki.

5. gr. d.

Iðnhönnun skal vernda í öllum sambandsríkjunum.

6. gr.

(1) Skilyrði er varða umsóknir og skráningu vörumerkja skulu ákvörðuð í landslögum hvers sambandsríkis.

(2) Óheimilt er að synja umsókn um skráningu á vörumerki sem ríkisborgari sambandsríkis hefur lagt inn í einhverju sambandsríkjanna, eða ógilda skráningu á grundvelli þess að umsóknin hafi ekki verið lögð inn né merkið skráð eða endurnýjað í upprunaríkinu.

(3) Vörumerki, sem skráð er með viðurkenndum hætti í sambandsríki, skal teljast óháð vörumerkjum sem skráð eru í öðrum sambandsríkjum þar með töldu upprunaríkinu.

6. gr. a.

(1) Sambandsríkin skuldbinda sig, annaðhvort að eigin frumkvæði ef landslög leyfa, eða að ósk

Article 5ter

In any country of the Union the following shall not be considered as infringements of the rights of a patentee:

1. the use on board vessels of other countries of the Union of devices forming the subject of his patent in the body of the vessel, in the machinery, tackle, gear and other accessories, when such vessels temporarily or accidentally enter the waters of the said country, provided that such devices are used there exclusively for the needs of the vessel;

2. the use of devices forming the subject of the patent in the construction or operation of aircraft or land vehicles of other countries of the Union, or of accessories of such aircraft or land vehicles, when those aircraft or land vehicles temporarily or accidentally enter the said country.

Article 5quater

When a product is imported into a country of the Union where there exists a patent protecting a process of manufacture of the said product, the patentee shall have all the rights, with regard to the imported product, that are accorded to him by the legislation of the country of importation, on the basis of the process patent, with respect to products manufactured in that country.

Article 5quinquies

Industrial designs shall be protected in all the countries of the Union.

Article 6

(1) The conditions for the filing and registration of trademarks shall be determined in each country of the Union by its domestic legislation.

(2) However, an application for the registration of a mark filed by a national of a country of the Union in any country of the Union may not be refused, nor may a registration be invalidated, on the ground that filing, registration, or renewal, has not been effected in the country of origin.

(3) A mark duly registered in a country of the Union shall be regarded as independent of marks registered in the other countries of the Union, including the country of origin.

Article 6bis

(1) The countries of the Union undertake, ex officio if their legislation so permits, or at the

þeirra sem hagsmuna eiga að gæta, til að synja eða ógilda skráningu og banna notkun á vörumerki sem felur í sér eftirmynd, eftirlíkingu eða þýðingu sem valdið getur ruglingi við vörumerki sem til þess bær stjórnvöld í ríki þar sem skráningin gildir telja að öllum sé kunnugt sem eign aðila er rétt hefur til að njóta góðs af samningi þessum og er notað fyrir sams konar eða svipaða vöru. Sama gildir ef aðalhluti vörumerkisins er eftirprentun á slíku alkunnu vörumerki eða eftirlíking sem til þess er fallin að valda ruglingi.

(2) Frestur sem er að lágmarki fimm ár frá skráningu merkis, skal veittur til þess að krefjast ógildingar slíks merkis. Sambandsríkin geta tiltekið frest vegna kröfu um bann við notkun.

(3) Engin tímamörk skulu sett til þess að krefjast ógildingar eða banns við notkun vörumerkja sem skráð eru eða notuð eru í vondri trú.

6. gr. b.

(1) (a) Sambandsríkin samþykkja að synja eða ógilda skráningu eða að banna með viðeigandi ráðstöfunum að skjaldarmerki, fánar eða önnur ríkistákn sambandsríkjanna, opinber merki þeirra og stimplar er gefa til kynna eftirlit og ábyrgð, svo og hvers konar eftirlíkingar af skjaldarmerkjum, séu notuð án heimildar viðkomandi stjórnvalda sem vörumerki eða hlutar af vörumerkjum.

(b) Ákvæði í a-lið hér að framan skulu gilda jafnt um skjaldarmerki, fána og önnur ríkistákn, skammstafanir eða heiti milliríkjastofnana sem eitt eða fleiri sambandsríki eiga aðild að, þó ekki um skjaldarmerki, fána og önnur ríkistákn, skammstafanir og heiti sem þegar falla undir gildandi alþjóðasamninga sem tryggja eiga vernd þeirra.

